

Reglur um barnapróf.

Samkvæmt 16. gr. laga 22. nóvember 1907 um fræðslu barna skal halda árlegt próf um kunnáttu 10—14 ára barna í hverju skólahjæraði og fræðsluhjæraði, og eru hjer með settar eftirfarandi reglur um það, hvernig haga skuli prófum þessum.

1. gr.

Próf skal halda að vorinu á þeim tíma, sem prófdómari ákveður með ráði fræðslunefndar eða skólanefndar.

Til prófs koma öll börn 10—14 ára, eins þau, sem notið hafa heimafræðslu.

2. gr.

Próf 10—13 ára barna er *árspróf*; en próf 14 ára barna eða eldri er *fullnaðarpróf*.

3. gr.

A. *Arsprófi* skal í hverri námsgrein haga sem hjer segir:

I. *Móðurmál.*

Nemandinn skal látinn lesa stuttan kafla í hæfilega auðveldu máli, og skal síðan reynt að hve miklu leyti hann hefir tileinkað sjer efni þess, sem hann las, með því að láta hann segja frá því utanbókar.

Nemendur skulu og, eftir því sem þeir hafa fengið aldur og þroska til, reyndir í því að gera skriflega grein fyrir efni, sem þeim er vel kunnugt.

Ennfremur skal grenslast eftir því, hvað nemendurnir hafa lært af kvæðum, og hvort þeir geta sagt frá efni þeirra.

II. *Kristin fræði.*

Nemendur skulu reyndir í því, sem þeim hefir undanfarinn vetur verið kent í kristnum fræðum, og skal við prófið lögð áhersla á það, að þeir geti sagt biblusögurnar og gert grein fyrir efni lærdómsbókarinnar með *eigin* orðum.

III. *Reikningur.*

Nemendurnir skulu eftir aldri og þroska reyndir í því að reikna í huganum með hæfilega lágum tölum, og leysa úr auðveldum skriflegum dæmum;

skulu dæmin aðallega lögð fyrir nemendurna í orðum eða setningum, en þeir sjálfir látnir skrifa þau upp og reikna. 140
7. des.

IV. Landafræði.

Próf þeirra barna, sem ekki hafa gengið í fastan skóla, skal aðallega fólgið í því, að láta þau gera grein fyrir notkun landabryjfa og því, hvernig álfur og úthöf liggja. Svo skal og grenslast eftir því, hvað þeim er kunnugt um náttúru Íslands og atvinnuvegi.

En þau börn, sem gengið hafa í fastan skóla, skulu látin gera nánari grein fyrir legu hinna einstöku landa á jarðarhnettinum og því, sem þeim hefir verið kent um þau.

Prófið styðst við uppdrætti landa eða myndir eða önnur áhöld við landafræðiskenslu.

V. Saga.

Þau börn, sem ekki hafa gengið í fastan skóla, skulu reynd í því, hvað þeim er kunnugt um merkustu Íslendinga, einkum þá, sem lifað hafa á síðustu öldum. En þau börn, sem gengið hafa í fastan skóla, skulu látin segja kafla í samhengi og svara spurningum úr því, sem þeim hefir verið kent.

VI. Skrift.

Leggja skal fram skrifbækur nemendanna, þær sem þeir hafa skrifað í seinustu viku, og skulu þær lagðar til grundvallar fyrir dómi um leikni þeirra í skrift.

VII. Söngur.

Nemendurnir eru látnir sýna leikni sína í söng með því að syngja fleiri eða færri af þeim lögum, sem þeim hafa verið kend.

B. Fullnaðarprófi skal haga á sama hátt og ársprófi í hinum einstöku greinum, þó þannig að haft er tillit til frekari þroska og meiri þekkingar nemandanna, og skal sjerstaklega haft fyrir augum, að nemendurnir eiga að sýna með prófinu, að þeir hafi náð því fræðslumarki, sem 2. og 3. gr. laga um fræðslu barna 22. nóv. 1907 áskilja.

4. gr.

Þar sem er kend *teiknun*, *hannyrðir*, *náttúrufræði* og *leikfimi*, skal og fara fram prófun í þessum námsgreinum. Teikningar og hannyrðir nemandanna skulu lagðar fram til dóms, og sýna skal leikni nemandanna í líkamsæfingum. Í nátt-

140 úrúfræði skal áhersla lögð á það, að nemendurnir geti lýst rjett náttúrugripum
7. des. eða myndum af þeim, og geti gert grein fyrir líffærum og störfum þeirra. Við
próf í eðlisfræði skal styðjast við myndir og önnur kensluáhöld.

5. gr.

Við próf skal gefa einkunnir fyrir frammistöðu í öllum námsgreinum, nema *söng* og *leikfimi*, og skulu einkunnirnar og tölugildi þeirra vera sem hjer segir: ágætlega = 8, ágætlega ÷ = 7, dável = 6, dável ÷ = 5, vel = 4, vel ÷ = 3, laklega = 2, illa = 1.

Ef kennari og prófdómari gefa sína einkunnina hvor, skal taka meðaltal, og verður það þá einkunn barnsins í þeirri námsgrein.

Ef mánaðareinkunnir hafa verið gefnar, skal taka meðaltal þeirra í hverri grein og leggja það við prófeinkunnina, og deila því, sem út kemur, með 2; sú tala, sem þá kemur út, sýnir einkunn barnsins í hverri námsgrein.

Meðaltal einkunnanna í hinum einstöku námsgreinum er **aðaleinkunn** nemandans við *árspróf* og *fullnaðarpróf*. $\frac{1}{2}$ og öllum smærri brotum er slept, en stærri brot en $\frac{1}{2}$ skal hækka upp í einn heilan.

6. gr.

Til þess að nemandi standist *fullnaðarpróf* verður hann að hafa í *aðal-einkunn* að minsta kosti 4.

7. gr.

Einkunnir nemanda í hinum einstöku námsgreinum og aðaleinkunn skulu færðar inn í prófbók, og ritar kennari og prófdómari nafn sitt undir hana í hvert sinn.

Þetta er hjermeð kunngjört öllum þeim til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 7. desember 1908.

Í fjærveru ráðherra

Kl. Jónsson,

Jón Magnússon.